

**7. fundur Umhverfis- og byggingarnefnd haldinn Strandgötu 38,
miðvikudaginn 15. febrúar 2023
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Sigurvin Hreiðarsson (SH), Aðalsteinn Magnússon (AM), Jónas Snæbjörnsson (JS), Jóhann Birkir Helgason (JBH), Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Sigurvin Hreiðarsson, Formaður

Dagskrá:

1. Ósk um tilnefningar í vatnasvæðanefndir - UST202209-125 - 2211528

Tekið fyrir bréf frá Umhverfisstofnun dags. 1. nóvember 2022 er varðar tilnefningu í vantasvæðanefnd í samræmi við lög nr. 36/2011 og reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála.

Umhverfis- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að Tálknafljarðarhreppur og Vesturbyggð sameinist um fulltrúa í vatnasvæðanefnd.

4. Flóð Tunguá 13.02.2023 - 2302054

Tekið fyrir erindi er varðar flóð yfir Strandgötu við Tunguá. Flóðið átti sér stað 13. febrúar 2023.

Lagt fram til kynningar.

5. Viðhald og sláttur opinna svæða 2023 - 2301027

Tekið fyrir að nýju forsendur við viðhald og slátt opinna svæða.

Umhverfis- og byggingarnefnd felur byggingarfulltrúa að vinna útboðsgögn og leggja fyrir nefndina.

2. Stóri Plokkdagurinn verður 30. apríl 2023 - 2301096

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Einari Bárðarsyni, sjálfboðaliða hjá Plokk á Íslandi dags. 26.01.2023 þar sem tilkynnt er að Stóri Plokkdagurinn verði haldinn 30. apríl 2023.

Umhverfis- og byggingarnefnd leggur til við Tálknafljarðarhrepp að taka þátt og að hvetja einstaklinga og fyrirtæki að taka til í sínu nærumhverfi.

3. Erindi til sveitarstjórna vegna ágangs búfjár - minnisblað sambandsins - 2302023

Lagt fram bréf frá Karli Björnssyni, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 3. febrúar 2023 er varðar álit umboðsmanns Alþingis og úrskurður Dómsmálaráðuneytisins um réttarstöðu sveitarfélaga þegar beiðnir um smölun berst sveitarfélögum vegna ágangs búfjár milli landareigna og jafnframt frá afrétti.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:30.

Sigurvin Hreiðarsson (SH)

Aðalsteinn Magnússon (AM)

Jónas Snæbjörnsson (JS)

Jóhann Birkir Helgason (JBH)

Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)